



LUNDURINN ÚTIKENNLSLUSTOFA



Hvað er Lundurinn?

Lundurinn er útikennslustofa Miðstöðvar útivistar og útináms og er sannkölluð útinámssvin í hjarta útisvæðis Gufunesbæjar. Hér er frábær aðstaða til þess að framkvæma útikennslu í öllum námgreinum, spreyta sig á útiildun, búa til huggulega samveru undir beru lofti eða hafa það notalegt í kringum opinn eld eftir leik á skemmtilegu útisvæði Gufunesbæjar.

Aðstaða og útbúnaður

Lundurinn er afgirt rjóður með yfirbyggðu skýli, náttúrulegum bekkjum, trjám til að klifra í og eldstæði. Klósettaaðstaða er fyrir hópa í Hlöðunni.

[Hér má sjá lista yfir búnað sem hægt er að panta með Lundinum](#)

Hvernig virkar Lundurinn?

- ✓ Bóka þarf Lundinn á [heimasíðu MÚÚ](#) ásamt búnaði sem óskað er eftir.
- ✓ Starfsmenn MÚÚ sjá um undirbúning og frágang Lundsins.
- ✓ **Hópar eru að öllu leiti sjálfbjarga með utanumhald, öryggi og dagskrá í Lundinum.**
- ✓ Starfsmenn hópa bera ábyrgð á barnahópi sínum á svæðinu og ber að tryggja öryggi þeirra öllum stundum (eldstæði, hitablásari, grillspjót, klifur í trjám, kastali á útisvæði) auk þess að gæta að allur aðbúnaður og útbúnaður sé í góðu ásigkomulagi að notkun lokinni.
- ✓ Starfsmenn MÚÚ eru aldrei langt undan ef hópar þurfa á aðstoð að halda.

Hlökkum til að sjá ykkur!

